

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri 2019

Fundargerð

Aðalfundur Góðvina var haldinn í stofu M101 í Háskólanum á Akureyri þriðjudaginn 26. nóvember kl. 16.30.

Fundarstjóri og fundarritari var Berglind Ósk Guðmundsdóttir í fjarveru Katrínar Árnadóttur.

Auglýst dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Reikningar samtakanna
- Lagabreytingar
- Kosning stjórnar
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Ákvörðun árgjalds
- Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Farið yfir fjölda skráðra félaga. Rætt um að fara í sókn, sækja sérstaklega á fyrirtækjamarkaði en fyrirtækjaaðild er sniðug leið til að auka tekjur Góðvina. Aðildarskráning fer fram á unak.is, en búið er að gæta að persónuverndarfyrirvörum og öðru slíku.

Greiðsluseðlar hafa verið sendir út og ber gjalddaga í desember.

Góðvinum barst styrktarbeiðni frá Vísindaskólanum. Fundarmenn voru sammála því að vegna bagalegrar fjárhagsstöðu félagsins verði Góðvinum ekki unnt að verða við erindinu.

Farið yfir brautskráningu 2019, veitt voru fern heiðursverðlaun eins og hefð er fyrir. Eftirfarandi fengu verðlaun á brautskráningarhátíð 2019:

Hug- og félagsvísindasvið: Birna Heiðarsdóttir (grunnám) og Ólöf María Brynjarsdóttir (framhaldsnám)

Heilbrigðisvísindasvið: Helga Margrét Jóhannesdóttir

Viðskipta- og raunvísindasvið: Andrés Tryggvi Jakobsson

Alumni-deild Góðvina bauð í kokteil 14. júní, eftir brautskráningu framhaldsnema. Mæting var góð og heppnaðist vel. Afmælisárgangar sem boðaðir voru; 1989 (30 ára), 1994 (25 ára), 1999 (20 ára), 2004 (15 ára), 2009 (10 ára), 2014 (5 ára) og 2018 (1 árs).

2. Reikningar samtakanna

Gjaldkeri Góðvina fór yfir stöðuna. Fjárhagsstaða félagsins er ekki góð.

Aðalfundur lagði fram stutta ályktun þess efnis að varhugavert væri að samtökin tæki þátt í brautskráningarathöfn með þeim hætti og gerðist 2018.

Enginn þeirra stjórnarmanna sem viðstaddir voru fundinn könnuðust við þá ákvörðun að standa undir kostnaði við veitingar vegna brautskráningar.

3. Lagabreytingar

Lagabreytingatillögur lagðar fram, þær fylgdu með fundarboði. Breytingartillögur voru samþykktar eftir umræðu.

4. Kosning stjórnar

Stjórn Góðvina skal skipuð fimm manns og fimm til vara. Þrír eru kosnir á aðalfundi og þar af skal einn vera formaður sem kosinn skal sérstaklega til eins árs og að auki þrír varamenn.

SHA og Háskólaráð kjósa hvort um sig einn fulltrúa í stjórn og einn til vara. Ef kjör þessara fulltrúa liggur ekki fyrir á aðalfundi skal aðalfundur kjósa þá fulltrúa.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því að stjórn sitji í tvö ár og á því sitjandi stjórn eitt ár eftir af kjörtímabili. Enginn hafði óskað eftir því að losna undan stjórnarsetu og því sátu allir fulltrúar áfram.

Stjórn Góðvina:

Einar Brynjólfsson formaður
Elva Gunnlaugsdóttir
Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Kristín Sigurðardóttir, gjaldkeri
Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi SHA
Katrín Árnadóttir, markaðs- og kynningarstjóri HA og starfsmaður Góðvina

Varastjórn

Eyrún Elva Marinósdóttir
Kristjana Hákonardóttir
Andrés Tryggvi Jakobsson, varafulltrúi SHA
Þorsteinn Gunnarsson
Árni V. Friðriksson

Alumni deild - fyrrverandi stúdentar

Kristín Baldvinsdóttir
Leifur Guðni Grétarsson
Hólmfríður Lilja Birgisdóttir

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Hólmfríður Lilja Birgisdóttir kjörin

6. Ákvörðun árgjalds

Tillaga stjórnar að halda árgjaldi óbreyttu.

2500 kr fyrir einstaklingsaðild.

25.000 kr fyrir fyrirtækjaaðild.